



# SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Isländska Bankföreningen · Bankers' Association of Iceland

Reykjavík, 26. nóvember 1996

Alþingi

Erindi nr. Þ 121 / 200

komudagur 26 / 11 1996

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Þórshamri v. Templarasund,  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um skattalagafrumvörp (143. og 140. mál).

Vísað er til tveggja bréfa yðar frá 19. nóvember 1996, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka (SÍV) um eftirfarandi lagafrumvörp:

1. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (143. mál).
2. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (146. mál).

Frumvörpin tengjast að því leyti að ákvæði um breytingu á skattlagningu af gengishækkun hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða eru í báðum frumvörpunum.

Athugasemdir SÍV um frumvörpin beinast að eftirfarandi atriðum:

## 1. Breyting á skattlagningu lögaðila (146. mál, 4. og 5. gr.).

SÍV styður eindregið áform um að breyta ákvæðum um skattlagningu lögaðila þannig að heimild til að flytja rekstrartap milli ára verði lengd úr fimm árum í átta ár og að afskriftareglur verði sveigjanlegri en nú gildir. Þessar breytingar eru til samræmis við það sem þekktist erlendis. Þær koma atvinnulífinu til góða og leggja þar með grunn að áframhaldandi hagvexti hér á landi.

## 2. Afsláttur vegna kaupa einstaklinga á hlutabréfum (146. mál, 3. gr.).

Á undanförunum árum hafa stjórnvöld hvatt einstaklinga til tvenns konar sparnaðar með ívilnandi ákvæðum í skattalögum. Annars vegar með ívilnandi ákvæðum vegna reglubundins sparnaðar á húsnæðissparnaðarreikningum og hins vegar með ívilnandi ákvæðum vegna kaupa á hlutabréfum. Með 30. gr. laga nr. 111/1992 var ákveðið að fella brott skattafslátt vegna húsnæðissparnaðarreikninga í tilgreindum áföngum. Frá og með næstu áramótum fellur þessi skattafsláttur úr gildi. Því má segja að í tillögu í 3. gr. frumvarpsins (146. mál) um að afnema skattafslátt vegna kaupa á hlutabréfum felist ákveðið samræmi við fyrrgreinda ákvörðun um afnám skattafsláttar vegna húsnæðissparnaðarreikninga. Að auki má benda á að eftir að Alþingi samþykkti breytingu á skattlagningu fjármagnstekna fyrir á þessu ári er ljóst að ekki er sama þörf á skatta- legum ívilnunum og áður til að stuðla að fjárfestingu einstaklinga í hlutabréfum.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið mælir SÍV ekki gegn þessu ákvæði frumvarpsins. Hins vegar bendir SÍV á að skv. ákvæðum frumvarpsins er ekki ljóst hvort svokölluð fimmáraregla gildi áfram, þ.e. hvort þeim sem keyptu hlutabréf fyrir hærri fjárhæð en sem nemur fjárhæð skattafsláttarins á þessu ári eða fyrir og hugðust



nýta umframfjárhæðina síðar, verður heimilt að gera það. Telur SÍV brýnt að lagaákvæði hér að lútandi verði skýr þannig að enginn þurfi að velkjast í vafa um hvaða reglur gildi.

SÍV telur rétt í þessu sambandi að vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar á ónógum sparnaði þjóðarinnar sem m.a. birtist í viðskiptahalla og fjárhagserfiðleikum fjölmargra einstaklinga og fjölskyldna. Í því ljósi kann að vera ástæða til að stjórnvöld hugleiði gaumgæfilega hvort ekki sé réttlæt看legt að beita ívilnandi ákvæðum í skattalögum til að hvetja einstaklinga til að spara meira en nú gerist. SÍV er reiðubúið að taka þátt í því með stjórnvöldum að móta slíkar tillögur.

### 3. Fjármagnstekjuskattur (143. mál, 1. og 2. gr., 146. mál, 1. gr.).

Í frumvörpunum er lagt til að skattlagningu fjármagnstekna af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða verði breytt þannig að í stað þess að verðbréfasjóðir greiði skattinn árlega af hækkun hlutdeildarskírteina þá verði fjármagnstekjuskattur af hækkun hlutdeildarskírteina dreginn af eigendum þeirra við innlausn skírteinanna. Er þessi tillaga rökstudd með því að gengi hlutdeildarskírteinanna getur lækkað milli ára.

Í gildandi lögum um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum og lögum um tekjuskatt og eignarskatt er gert ráð fyrir jafnræði milli innlánsreikninga og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða, enda hafa þessi tvö sparnaðarform átt í mikilli samkeppni innbyrðis. Þetta jafnræði er tryggt með því að verðbréfasjóðirnir eru skattlagðir árlega rétt eins og vextir af innlánsreikningum eru skattlagðir árlega þegar vextirnir eru færðir eigandanum til tekna. Nú er hins vegar lagt til að horfið verði frá þessu og að skattlagning fjármagnstekna af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða verði samræmd því sem almennt gildir um fjármagnstekjur af verðbréfum. Að mati SÍV er því nauðsynlegt að kanna hvort og með hvaða hætti jafnræði verður áfram tryggt milli innlánsreikninga og hlutdeildarskírteinanna og annarra verðbréfa.

Í gildandi lagaákvæðum um fjármagnstekjuskatt er leitast við að tryggja jafnræði milli innlánsreikninga, þar sem fjármagnstekjuskattur er greiddur árlega þegar vextir eru færðir eiganda til tekna, og verðbréfa, þar sem fjármagnstekjuskattur er ekki greiddur fyrir en við greiðslu vaxta síðar, með því að leggja ákveðið álag á fjármagnstekjuskatt af slíkum verðbréfum (5. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1994). Með þessu móti er skattalegt hagræði af fjárfestingu í verðbréfum umfram sparnað á innlánsreikningum afnumið. Í ljósi þessa grundvallaratriðis í gildandi lagaákvæðum um fjármagnstekjuskatt mælir SÍV ekki gegn fyrirhugaðri breytingu á skattlagningu fjármagnstekna af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Komi hins vegar fram tillögur um að falla frá fyrrgreindu grundvallaratriði, þ.e. að skattalegt hagræði af frestun skattlagningar þegar verðbréf eiga í hlut skuli jafnað með greiðslu álags, leggst SÍV alfarið gegn þessum tillögum í frumvörpunum um breytingu á skattlagningu fjármagnstekna af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og myndi telja hana aðför að sparnaði í bönkum og sparisjóðum. Slíkt er að sjálfsögðu óásættanlegt fyrir alla banka og sparisjóði í landinu.


Í tengslum við þessar athugasemdir um skattlagningu fjármagnstekna af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða vill SÍV vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar á tilteknu ójafnræði milli sparnaðarforma sem leiðir af lagaákvæðum um fjármagnstekjuskatt. Jafnframt fer SÍV fram á það við nefndina að lögum verði breytt þannig að þessu ójafnræði verði eytt. Ójafnræðið felst í því að ef einstaklingur kaupir



hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði sem fjárfestir í ýmiss konar kröfum í erlendum gjaldmiðli er einstaklingurinn í raun eingöngu skattlagður fyrir hagnaði sem rekja má til jákvæðra breytinga á gengi gjaldmiðla umfram tap sem rekja má til neikvæðara breytinga á gengi gjaldmiðla. Þetta stafar af því að verðbréfasjóðurinn er gerður upp sem ein heild þegar gengi hlutdeildarskírteina er reiknað út. Einstaklingur sem á sparifé á gjaldeyrisreikningi virðist hins vegar ekki geta jafnað gengishagnað af einum reikningi á móti gengistapi af öðrum reikningi með sama hætti og verðbréfasjóður. Að mati SÍV er hér um óásættanlegt misræmi að ræða. Sambandið telur brýnt að þetta verði leiðrétt þannig að fjármagnstekjuskatturinn hygli ekki hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða á kostnað gjaldeyrisreikninga í bönkum og sparisjóðum. Er SÍV reiðubúið að taka þátt í því með efnahags- og viðskiptanefnd að útfæra lagaákvæði þar að lútandi.

Loks telur SÍV ástæðu til að benda efnahags- og viðskiptanefnd á að um þessar mundir vinnur hópur á vegum Embættis ríkiskattstjóra, bankakerfisins og verðbréfa-fyrirtækja að því að finna lausnir á ýmsum álitaefnum í tengslum við framkvæmd staðgreiðsluskatts af fjármagnstekjum. Svo kann að fara að vinna þessa hóps og væntanleg drög að reglugerð um skattinn kalli á viðbrögð af hálfu SÍV. Sambandið áskilur sér því rétt til að gera frekari athugasemdir við þessi frumvörp á næstu vikum.

Virðingarfyllst,

  
Finnur Sveinbjörnsson,  
framkvæmdastjóri

Afrit: Samband íslenskra sparisjóða.